

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2008 frá 5. desember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins ⁽²⁾ var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2005 ⁽³⁾, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 16. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar viðmiðanir fyrir framkvæmd skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008 frá 16. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar forgangsröðun skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli Bandalagsins ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB):
„– **32008 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 16. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 17).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66ra (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006):
„– **32008 R 0351**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008 frá 16. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7.

varðar forgangsröðun skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/49/EB og reglugerðar (EB) nr. 351/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.